

Við undirritaðir landeigendur jarðarinnar Ytri-Skóga, F2191221, 861 Rangárþingi Eystra,

Héraðsnefnd Rangæinga kt.490189-2549

Mýrdalshreppur kt.461283-0399

Skaftárhreppur kt.480690-2069

nefndir einu nafni *leigusali* í samningi þessum, og

Byggðasamlagið Hula b.s. kt.430697-2269, Austurvegi 17, 870 Vík

í samningi þessum nefndur *leigutaki*, gerum með okkur svohljóðandi

LÓÐARLEIGUSAMNING

1. gr.

Leigusali leigir leigutaka spildu úr landi jarðarinnar, nánar tiltekið um 50 hektara spildu neðan ræktunar á Skógasandi, og er lega spildunnar og takmörkun afmörkuð og hnitsett á meðfylgjandi uppdrætti. Hnit í hornum lóðarinnar eru eftirfarandi, samkvæmt ISN93 Lambert hnitakerfi:

Númer Punkts Hnit

1	473268, 333691
4	475176, 332428
3	475077, 332238
2	473169, 333482



MHG
EKE

7

2. gr.

Leigutaka er heimilt að nýta spilduna með sama hætti og gert hefur verið, sem urðunarstað, í samræmi við gildandi skipulag, umhverfissjónarmið og reglur um mengunarvarnir urðunarstaða. Ekki er heimilt að skipta spildunni upp í fleiri einingar, og skulu öll þau mannvirki sem kunna að verða byggð á spildunni vera í eigu leigutaka. Öll hús á spildunni skulu uppfylla kröfur skipulags- og byggingaryfirvalda og vera í samræmi við náttúruverndarlöggjöf, en einnig er mælt til þess að húsinn falli vel að landinu eins og kostur er. Leigutaka er heimilt að vinna nauðsynlegar framkvæmdir á svæðinu án sérstakrar greiðslu ef þær eru í samræmi við skipulag, lög og reglur og nýtast þeim rekstri sem fram fer á lóðinni.

Leigutaka er heimilt að nýta spilduna til urðunar á úrgangi frá sveitarfélögunum í Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu. Komi til skoðunar að taka við úrgangi utan þess svæðis skal leita sérstaks samþykkis allra landeigenda.

3.gr.

Leigutaki á rétt á aðkomu að hinni leigðu spildu um vegslóðir sem þegar eru til staðar. Þurfi að leggja akveg frá slóðum að eða inná hina leigðu lóð, skal það gert í samráði við landeigendur, og skal vegaframkvæmdum ætíð haldið í lágmarki hvort sem er við aðkomu að lóð eða innan lóðar. Leigutaki ber kostnað af vegaframkvæmdum, í samstarfi við landeigendur og aðra lóðarhafa á svæðinu ef það á við.

Leigutaki á rétt á að leggja vatnslögn að hinni leigðu lóð. Reyna skal að nýta vatnsból sem þegar er til staðar, en komi til þess að gera þurfi nýtt vatnsból skal það gert í samráði við landeigendur. Leigutaki ber allan kostnað af öflun vatns.

Leigutaki á rétt á að leggja heimtaug fyrir rafmagn og ljósleiðara að lóðinni og kaupir í framhaldi þjónustu af þeim aðilum sem veita þá þjónustu á svæðinu. Ber hann af því allan kostnað.

Leigutaki skal ganga frá rotþró, og bera af því kostnað, fyrir þær byggingar sem byggðar verða á hinni leigðu lóð, og skuldbindur hann sig til að fara í einu og öllu eftir fyrirætlum landeiganda og heilbrigðisfyrirvalda um frágang á skól- og frárennsli.

Leigutaki skuldbindur sig til að kaupa þjónustu vegna sorphirðu af þeim aðilum sem veita slíka þjónustu í sveitarfélaginu, til að tryggja að umhirða og umgengni verði í fullu samræmi við reglur sveitarfélagsins.

Leigutaka er skylt að girða landið af á sinn kostnað. Leigutaka er honum skylt að koma girðingunni þannig fyrir að tryggt sé aðgengi annarra fram hjá lóðinni með greiðfærum slóða. Leigusali ber ekki ábyrgð á spjöllum eða skemmdum sem mannvirki eða gróður á lóðinni kann að verða fyrir.

Umgengni og nýting lóðar skal vera snyrtileg og í samræmi við gildandi reglur og skipulag.

4.gr.

Lóðin er leigð til 50 ára frá 1. október 2025 til 30. september 2075. Leigusamningur þessi framlengist um fimm ár í senn svo lengi sem samningnum er ekki sagt upp með bréfi með minnst 3ja mánaða fyrirvara fyrir lok leigutíma. Gagnkvæmur uppsagnarfrestur eru tvö ár og skal uppsögn miðast við næstu mánaðarmót frá því að uppsögn barst með sannanlegum hætti. Kjósi leigusali að segja upp leigusamningnum skuldbindur hann sig að taka við eftirliti urðunarstaðar í samræmi við lög eftir að urðun líkur. Verði lóðin leigð áfram gildir sama leiguverð og sömu forsendur um vísitölutengingu og gildir í þessum samningi. Taki leigusali ákvörðun um að lóðin verði ekki endurleigð til leigutaka ber leigusala að kaupa byggingar á lóðinni af leigutaka og greiða fyrir eignirnar samkvæmt mati tveggja matsmanna sem aðilar tilgreina. Náist ekki samkomulag um verðmat skal leyst úr því samkvæmt

MHG
4
Eik

fyrirmælum laga nr. 75/2008 eða laga sem síðar kunna að leysa þau af hólmi. Ef lög hafa ekki að geyma ákvæði um þetta þegar til innlausnar kemur skulu aðilar fá dómkvadda matsmenn til að verðmeta eignir á lóðinni.

5.gr.

Sem leigugreiðslu fyrir lóðina skuldbindur leigutaki sig til þess að greiða leigusala árlega 15% af innheimtu urðunargjaldi. Skal greiðsla innt af hendi fyrir 1. desember ár hvert. Ekki er gerð krafa um að leigutaki setji tryggingu fyrir greiðslu leigunnar.

6.gr.

Leigutaka er ekki heimilt að framselja og veðsetja leigurétt sinn að lóðinni í heild eða að hluta, eða leigurétt að húsum eða mannvirkjum sem á henni kunna að verða gerð. Leigusali á forkaupsrétt að lóðarréttindunum og mannvirkjum á lóðinni við framsal. Leigusamningur þessi heldur gildi sínu þó svo að eigendaskipti verði að jörðinni, en verði hin leigða spilda seld út úr jörðinni nýtur leigutaki forkaupsréttar.

7.gr.

Leigutaki greiðir kostnað við þinglestur á leigusamningi þessum og stimpilgjald.

Leigutaki greiðir alla skatta og gjöld af hinni leigðu spildu og mannvirkjum á lóðinni. Hann heldur uppi lögskilum af eignunum frá undirritun leigusamnings þessa.

8.gr

Af leigusamningi þessum eru gerð fimm samrit, eitt handa hvorum aðila og eitt til þinglesturs.

Kirkjubæjarklaustri

23.10.2025

Leigusalar :

Margrét Harpa Guðsteinsdóttir

Margrét Harpa Guðsteinsdóttir, kt.

Héraðsnefnd Rangæinga kt.490189-2549

Einar Kristján Jónsson

Einar Kristján Jónsson, kt.

Skaftárhreppur kt.480690-2069

Samþykkt með fyrirvara um staðfestingu sveitarstjórnar

Einar Freyr Elínarson

Einar Freyr Elínarson, kt.

Mýrdalshreppur kt.461283-0399

Samþykkt með fyrirvara um staðfestingu sveitarstjórnar

Leigutaki:

Einar Freyr Elínarson

Einar Freyr Elínarson, kt.

Byggðasamlagið Hula b.s. kt.430697-2269

Vottar að undirritunum, dagsetningu og fjárræði aðila

Þjörnþór Ólafsson 220291-2359

Jóhannes Arnarson 1609625429

Samninginn gerði

Ólafur H. Guðgeirsson, MBA, lgfs. 250863-5869

olafur@eignamidlun.is sími 663-2508

Síða 3 í 3